

1. stjórnarfundur Hornfirðings, 4. janúar 2015.

Haldinn á Lækjarbrekku kl. 17:00

Mætt eru: Pálmi Guðmundsson (PAL), Lena Hrönn Marteinsdóttir (LHM), Páll Guðmundsson (PG), Janine Arens (JA). Inga Stumpf (IS), Gunnar Bragi Þorsteinsson (GBÞ) tilkynnti forföll.

1. Fundargerð stjórnarfundar dags. 9. desember lögð fram og samþykkt.

2. Reiðnámskeið Snæsu í reiðhöll í samstarfi við Hornfirðing.

Alls eru skráð 30 börn á reiðnámskeiðið hjá Snæsu, sem haldið er í samstarfi við hestamannafélagið. Reiðnámskeiðið verður haldið, aðra hvora helgi, í vetur og hver nemandi fær 2 klst. hvert skipti, bæði í verklegu og bóklegu námi. Námskeiðið byrjaði um helgina og gekk mjög vel. Stjórnarmenn voru sammála um að þetta væri góð byrjun á starfi hestamannafélagsins árið 2015 og þakka Snæsu fyrir gott framlag hennar til æskulýðsmála félagsins.

3. Reiðnámskeið Ómars Inga í reiðhöll - Einkatímar

Ákveðið var að birta eftirfarandi verðskrá á Facebook og Eystrahorni fyrir reiðnámskeið/einkatíma, sem haldið er í samstarfi við Ómar Inga reiðkennara fyrir félagsmenn hestamannafélagsins. Hægt er að panta einkatíma fyrir; 1. aðila / 2. aðila / 3. aðila. Verð pr. klst. fyrir 1. aðila er kr. 5.000,- kr. 8.000,- pr. klst. fyrir 2. aðila saman og kr. 9.000 pr. klst. fyrir 3. aðila saman (kr. 9.000/3= 3.000,- pr. mann. Ef keyptir eru 10 tímar/skipti í pakka þá er gefinn 15% afsláttur. Utanfélagsmenn greiða kr. 1.000,- pr. klst. aukalega. Reiðnámskeiðið byrjar 13. janúar n.k. og verður haldið á þriðjudögum í hverri viku í vetur eða á meðan eftirspurn leyfir. Skráning og tímapantanir eru hjá Janine Arens (JA) í síma: 690-6159.

4. Breyting á gjaldskrá í reiðhöll

Tekin var ákvörðun um að lækka gjaldskrá fyrir aðganga að reiðhöllinni fyrir árið 2015. Árgjald fyrir félagsmenn verður kr. 12.000,- / kr. 20.000,- fyrir tvo á sama heimili og kr. 25.000,- fyrir þrjá á sama heimili. Félagsmenn Hornfirðings 17 ára og yngri greiða ekki félagsgjald og eru með frían aðgang að reiðhöll og eiga að vera undir eftirliti og á ábyrgð forráðamanna sinna. Gjald fyrir einkatíma er kr. 4.000,- pr. klst. og kr. 10.000,- fyrir 4. klst. samfellda notkun. Sett verður upp viðburðadagatal á heimasíðu þar sem sjá má frátekna tíma fyrir námskeið, mót, einkatíma og aðra viðburði.

5. Frétt / kynning í Eystrahorni (reiðnámskeið, nefndir og heimasíða)

Formanni (PAL) falið að skrifa fréttatilkynningu með myndum og senda í Eystrahorn um reiðnámskeiðin, nefndir og nýja heimasíðu félagsins www.hornfirdingur.is sem sett verður í loftið á næstu dögum.

6. Ný heimasíða Hornfirðings

Lenu (LHM) var falið að sækja um lénið : www.hornfirdingur.is hjá ISNIC og greiða árgjald svo hægt sé að setja nýja heimasíðu í loftið sem fyrst. Inga (IS) mun hafa umsjón með heimasíðu félagsins.

7. Önnur mál.

Rætt var fyrirhugaðar framkvæmdir í Stekkhól, Geir Þorsteinsson er byrjaður að undirbúa uppsetningu kerfislofts og stefnt er að því að steypa plötu undir áhorfendasvæði í reiðhöllinni sem fyrst.

Fleira ekki fært til bókar.

Fundarritari: Pálmi Guðmundsson